



Tröð,-skóla- og skammtímaúrræði

Hlutverk og markmið

Tröð er skammtíma skólaúrræði sem hefur það hlutverk að sinna nemendum í 1.-10. bekk úr grunnskólum Kópavogs sem þurfa á tímabundinni breytingu á skólagöngu að halda m.a. vegna námsvanda, samskipta eða vanlíðunar. Tröð er sérhæft umhverfi til náms í afmarkaðan tíma í 4 – 10 vikur. Allt kapp er lagt á að nemendur geti farið sem fyrst aftur í sinn heimaskóla. Kennarar Traðar, kennarar heimaskóla og foreldrar vinna saman að námi og velferð nemenda.

Megin markmið dvalar í Tröð er að vinna að bættri líðan og náms- og samskiptafærni nemenda.

Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni og nám sem tekur mið af áhuga og getu hvers og eins. Unnið er eftir áætlunum heimaskóla nemenda og eða einstaklingáætlunum hvers og eins í samstarfi við kennara heimaskóla.

Úrræðið hefur aðgang að allri skólaþjónustu sérfræðinga sveitarfélagssins. Nemendur í 9. – 10. bekk vinna Tilfærsluáætlun í samráði við heimaskóla, foreldra og kennara Traðar ef þurfa þykir. Sjá 17.gr reglugerðar nr. 585/2010 um einstaklingsbundna tilfærsluáætlun.

Úrræðið starfar með hliðsjón af lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010.

Inntökuferli

Foreldrar og skólastjórendur grunnskólanna geta sótt um skólavist fyrir nemendur í Tröð á þar til gerðu eyðublaði og senda til skólaþjónustu grunnskóladeildar menntasviðs. Áður en sótt er um skólavist í Tröð hefur farið fram umfjöllun um stöðu nemenda í nemendaverndarráði skólans og í framhaldi gerð heildstæð greining á stöðu nemandans. Við heildstæða greiningu sem gerð er í samráði við foreldra skal tillit tekið til aðstæðna nemanda og heildarhagsmuna og þess gætt að nemandi sjálfur eigi þess kost að tjá sig um ákvörðun eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum eru kynntar allar niðurstöður.

Inntökuteymi sem í sitja, sérfræðiþjónustufulltrúi, kennarar og kennsluráðgjafi Traðar vinnur síðan úr umsóknum og metur hvort úrræðið henti viðkomandi nemanda.

Haldinn er inntökufundur með foreldrum, nemanda, kennurum heimaskóla og starfsfólki Traðar, þar sem gerð er grein fyrir samstarfi og öllu skipulagi í starfssemi úrræðisins, einnig er farið yfir fyrirkomulag á samstarfi við foreldra.

Stöðufundir eru haldnir reglulega og metið hvernig nemendum vegnar og framhald dvalar ákveðin.

Samráð er milli starfsmanna Traðar, foreldra, nemenda og kennara heimaskóla um ákvörðun um útskrift. Lögð er áhersla á að nemandinn sé vel undirbúinn fyrir endurkomu í heimaskóla. Eftirfylgni er í höndum kennsluráðgjafa Traðar og þeirra starfsmanna sem koma að nemandanum.

Ágreiningur um skólavist

Verði ágreiningur um skólavist nemanda í Tröð milli skóla og foreldra er unnið samkvæmt 17. gr og 47. gr laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21. gr og 22. gr reglugerðar nr. 585/2010. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álitum sérfræðinga og foreldra og með hagsmuni nemandans að leiðarljósi. Synjun skal rökstudd ítarlega þar sem afstaða er tekin til allra þeirra sjónarmiða sem færð hafa verið fram í málinu og hvernig þau varða heildarhagsmuni nemandans.

Stjórnun og starfsfólk

Tröð er hluti af skólaþjónustu grunnskóladeildar Menntasviðs Kópavogs. Deildarstjóri grunnskóladeildar er stjórnunarlega ábyrgur fyrir Tröð. Hann ræður starfsfólk og ber ábyrgð á að mótuð sé starfsáætlun sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti og samþykkt af skólanefnd. Kennarar stjórna daglegu starfi og annast samskipti við heimaskóla nemenda vegna framvindu og annars er snýr að námi nemenda.

Tveir grunnskólakennarar starfa í Tröð í fullu starfi og sjá um regluleg samskipti við foreldra. Að skólastarfinu koma einnig kennsluráðgjafi sem sér um ráðgjöf til kennara, nemenda og foreldra og sérfræðiþjónustufulltrúi sem sinnir einnig ráðgjöf við úrræðið. Í inntökuteymi Traðar sitja sérfræðiþjónustufulltrúi, kennarar úrræðisins og kennsluráðgjafi.

Skráning gagna og meðferð upplýsinga um nemendur er samkvæmt lögum um persónuvernd nr. 77/2000 og reglugerð nr. 897/2009.

Nemendur og námsumhverfi

Nemendum Traðar skal búið hvetjandi námsumhverfi í samræmi við þarfir þeirra. Við skipulag kennsluumhverfis og kennsluhátta er hugað að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda. Markmið er að nemendur geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu á allan hátt til þess að vera félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu. Viðmið og fyrirmæli eru sýnileg og skýr. Búnaður í húsnæði skólans skal veita möguleika bæði til bóklegs og verklegs náms.

Réttur nemenda til að tjá sig og réttur nemenda til menntunar er skilyrðislaus samkvæmt lögum, reglugerðum og þeim samningum er gilda á Íslandi um börn. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

Húsnæðið er staðsett í íbúðarhúsi við Neðstutröð í Kópavogi.

Foreldrar

Foreldrar geta sótt um fyrir barns sitt í Tröð telji þeir, skólastjóri, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið náms við hæfi í því skólaumhverfi sem það er í. Haldinn er inntökufundur með inntökuteymi, foreldrum, og fulltrúum frá heimaskóla þegar umsókn hefur verið samþykkt. Kennarar eru í samskiptum og samráði við foreldra eftir því sem þurfa þykir. Stöðufundir eru haldnir með foreldrum og heimaskóla meðan á dvöl stendur.

Rekstur

Rekstur Traðar er í höndum Grunnskóladeildar Menntasviðs Kópavogsbæjar sem hefur yfirumsjón með rekstrinum og skipulagningu úrræðisins. Nemendum stendur til boða að sækja um lengda viðveru í frístundaúrræði á vegum sveitarfélagsins. Nemendur utan

skólahverfis eiga rétt á akstri til og frá skóla og aksturinn er útfærður nánar í samráði við foreldra.

Ráðgjöf

Skólaþjónusta grunnskóladeildar sér um ráðgjöf og kennslufræðilega þjónustu við nemendur, foreldra og starfsfólk Traðar.

Ársskýrsla

Í lok hvers skólaárs skal gera yfirlit um starfssemi Traðar. Gerð er grein fyrir helstu áherslum í starfi, skipulagi, fjölda nemenda, námstíma nemenda og skiptingu nemenda milli skóla. Kennarar Traðar sjá um að gera skýrsluna og skila henni í júní ár hvert til deildarstjóra grunnskóladeildar Menntasviðs Kópavogs.